

ÁRSSKÝRSLA HÆSTARÉTTAR

2024

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2024

Umbrot: KRÍA hönnunarstofa
Ljósmyndir: Gunnar Sverrisson, Saga Sigurðardóttir
og KRÍA hönnunarstofa

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Dómhúsinu við Arnarhól
101 Reykjavík
Sími: 510-3030
haestirettur@haestirettur.is

EFNISYFIRLIT

Ávarp forseta	4
Dómarar	6
Forseti og varaforseti	6
Skúli Magnússon skipaður í embætti	8
Ingveldur Einarsdóttir lætur af embætti	9
Aðrir starfsmenn	10
Varadómarar	12
Tilnefningar og skipanir	13
Málskotsbeiðnir – áfrýjunar- eða kæruleyfi	14
Áfrýjuð og kærð mál	15
Reifanir helstu dóma	15
Málstofa um þriggja þrepa dómskerfi	26
Norrænt samstarf	29
Fundur skrifstofustjóra æðstu dómstóla Norðurlandanna	29
Fundur forseta æðstu dómstóla Norðurlandanna.....	29
Samskipti við alþjóðadómstóla	30
Önnur alþjóðleg samskipti	32
Embætti heimsótt	33
Kynning á starfsemi hæstaréttar	34
Sögubrot	37
Íslenski stóllinn í Hæstarétti Danmerkur	37
Birting dómareifana á ensku	38
Málflutningskeppnir laganema	39
Tölfræði	41

ÁVARP FORSETA

Í tilefni þess að nokkuð er liðið frá þeirri breytingu á dómstólaskipan landsins að Landsréttur var stofnaður sem millidómstig efndi Hæstiréttur ásamt dómstólasýslunni til málstofu á liðnu ári um þriggja þrepa dómskerfi. Þar var rætt um ávinninginn af þessari breytingu og hvaða áskorunum dómstólarnir stæðu frammi fyrir. Málstofan var vel sótt en til hennar var boðið öllum dómurum og löglærðum starfsmönnum dómstólanna. Nánar er gerð grein fyrir málstofunni í árskýrslunni. Eins og þar kemur fram tóku nokkrir málflytjendur þátt í henni. Í máli þeirra kom fram að vel hefði tekist til við þessa breytingu í öllum meginráttum.

Af ábendingum um hvað betur mætti fara var á málstofunni helst bent á drátt á málsmeðferð einkamála í Landsrétti. Hér er þess að gæta að á liðnu ári hefur heldur dregið úr þessu en þó ekki í þeim mæli að við verði unað. Með sama áframhaldi mun taka of langan tíma að vinna á þessu og því þarf að grípa til frekari aðgerða til úrbóta. Fram hafa komið raunhæfar tillögur í þeim efnum og vonandi munu þær ná eyrum þeirra sem ábyrgðina bera.

Á árinu 2024 gengu 60 dómar í Hæstarétti en það er nokkru fleiri en árið áður þegar þeir voru 51. Málskotsbeiðnir í fyrra voru alls 184

og er það einnig fleiri en árið á undan þegar þær voru 160. Þótt þessi málafjöldi sé með því mesta á liðnum árum er hann í samræmi við það sem gert var ráð fyrir þegar Hæstiréttur hóf starfsemi á þriðja dómstigi árið 2018. Fjöldi dómara við réttinn var miðaður við þetta auk þess sem gert var ráð fyrir að ekki kæmi til setningar þótt einn eða jafnvel tveir dómarar væru fjarverandi vegna leyfis eða veikinda. Því er rétturinn ekki ávallt fullskipaður án þess að það komi niður á starfseminni.

Árið 2024 var fyrsta almanaksárið þar sem boðið var upp á að leggja fram beiðnir um áfrýjunarleyfi og viðbrögð gagnaðila við þeim rafrænt um þjónustugátt. Nær öllum gögnum er nú skilað um þessa gátt með góðum árangri. Áður en gáttin var tekin í notkun síðla árs 2023 mættu lögmenn eða starfsmenn þeirra í flestum tilvikum í réttinn til að leggja fram þessi gögn. Þegar haft er í huga að fjöldi slíkra beiðna er vel á annað hundrað og gagnaðili í hverju máli leggur fram andsvör er ljóst að mikinn tímasparnað leiðir af þessu. Að sama skapi eru mun færri sem leggja leið sína í Hæstarétt og því má gera ráð fyrir að gerðar verði breytingar á afgreiðslu réttarins sem taki mið af því. Jafnframt er hugað að þessu með tilliti til að tryggja betur öryggi um starfsemina en þau mál hafa á

liðnum árum verið til athugunar. Liður í því er að fela lögreglumönnum frá embætti Ríkislögreglustjóra að annast dómgæslu við málflutning og dómsuppsögu.

Í tilefni þess að hundrað ár voru liðin árið 2020 frá því að Hæstiréttur tók til starfa voru gefin út tvö rit af Hinu íslenska bókmenntafélagi. Annað ritið hefur að geyma safn ritgerða þar sem fjallað var um tiltekin réttarsvið sem meðal annars hafa móttast af dómum réttarins. Hitt ritið fjallar um sögu réttarins. Hér má nefna að á liðnu ári bættist við þetta með rannsókn Svölu Ólafsdóttur, dósents við lagadeild Háskólans í Reykjavík, sem hún hlaut doktorsnafnbót fyrir við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Ritgerð hennar fjallaði um vernd barna gegn kynferðisofbeldi og hvaða þættir hefðu haft áhrif á þróun löggjafar og framkvæmd hennar. Í ritgerðinni birtist rannsókn á dómum réttarins frá því að hann tók til starfa árið 1920 allt til ársins 2015. Ánægjulegt er þegar vísindamenn finna sér með þessu móti efnivið í dómaframkvæmd réttarins og ná með því að skapa þekkingu á viðkomandi fræðasviði.

Reykjavík, 21. febrúar 2025
Benedikt Bogason



DÓMARAR

Samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla eiga sjö dómarar sæti í Hæstarétti. Ingveldur Einarsdóttir lét af störfum fyrir aldurs sakir frá og með 1. ágúst 2024 og Skúli Magnússon skipaður í hennar stað 1. október 2024. Eftirtaldir voru dómarar réttarins á árinu 2024:

Ása Ólafsdóttir, fædd 1970, skipuð hæstaréttardómari frá 23. nóvember 2020. Við skipun var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og deildarforseti.

Benedikt Bogason, fæddur 1965, skipaður hæstaréttardómari frá 1. október 2012. Við skipun var hann dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands. Hann var varaforseti Hæstaréttar frá 27. maí til 31. ágúst 2020 og hefur verið forseti réttarins frá 1. september 2020.

Björg Thorarensen, fædd 1966, skipuð hæstaréttardómari frá 23. nóvember 2020. Við skipun var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Ingveldur Einarsdóttir, fædd 1959, skipuð hæstaréttardómari frá 1. janúar 2020 en lét af embætti 1. ágúst 2024. Við skipun var hún dómari við Landsrétt. Hún var varaforseti Hæstaréttar frá 1. september 2020 þar til hún lét af embætti.

Karl Axelsson, fæddur 1962, skipaður hæstaréttardómari frá 12. október 2015. Við skipun var hann starfandi hæstaréttarlögmaður.

Ólafur Börkur Þorvaldsson, fæddur 1961, skipaður hæstaréttardómari frá 1. september 2003. Við skipun var hann dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands

Sigurður Tómas Magnússon, fæddur 1960, skipaður hæstaréttardómari frá 18. maí 2020. Við skipun var hann dómari við Landsrétt. Sigurður Tómas hefur verið varaforseti réttarins frá 1. ágúst 2024.

Skúli Magnússon, fæddur 1969, var skipaður hæstaréttardómari frá 1. október 2024. Við skipun var hann umboðsmaður Alþingis.

Forseti og varaforseti

Á árinu var Benedikt Bogason forseti réttarins og Ingveldur Einarsdóttir varaforseti þar til að hún lét af störfum frá og með 1. ágúst 2024. Sigurður Tómas Magnússon var kjörinn varaforseti frá þeim degi. Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar og ber ábyrgð á rekstri réttarins og fjárreiðum. Hann stýrir meðal annars þeirri starfsemi sem ekki er hluti af meðferð mála fyrir dómi og skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna.



Dómarar í Hæstarétti

Efri röð: Karl Axelsson, Ása Ólafsdóttir, Björg Thorarensen og Skúli Magnússon

Neðri röð: Sigurður Tómas Magnússon, Benedikt Bogason og Ólafur Börkur Þorvaldsson

SKÚLI MAGNÚSSON SKIPAÐUR Í EMBÆTTI

Skúli Magnússon var skipaður dómari við Hæstarétt frá 1. október 2024. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1995 og meistaraþrófi í lögfræði (Magister juris in European and Comparative Law) frá Oxfordháskóla, University College, 1998.

Eftir að Skúli lauk lagaprófi starfaði hann sem fulltrúi sýslumannsins í Keflavík og sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness á árunum 1995 til 1997. Hann var aðstoðarmaður hæstaréttardómara 1998 til 2000 og lektor og síðar dósent við lagadeild Háskóla Íslands 2002 til 2004 er hann var skipaður héraðsdómari. Hann gegndi starfi dómritara EFTA-dómstólsins 2007 til 2012. Skúli var settur landsréttardómari frá janúar til mars 2021 og var dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur frá apríl sama ár þar til hann var kjörinn umboðsmaður Alþingis í maí 2021. Hann sinnti því starfi þar til hann var skipaður í embætti dómara við Hæstarétt.

Skúli hefur gegnt fjölmörgum aukastörfum á sínum ferli svo sem setu í nefndum á vegum hins opinbera og kennslu í lagadeild Háskóla Íslands. Hann var formaður Dómarafélags Íslands 2013 til 2017.



Skúli Magnússon

INGVELDUR EINARSDÓTTIR LÆTUR AF EMBÆTTI

Hinn 1. ágúst lét Ingveldur Einarsdóttir af embætti hæstaréttardómara. Hún var skipuð í embættið 1. janúar 2020 en hafði áður verið settur hæstaréttardómari frá 1. janúar 2013 til 15. september 2017. Ingveldur var varaforseti réttarins frá 1. september 2020 þar til hún lauk störfum. Ingveldur var fjórða konan sem skipuð var hæstaréttardómari og þriðja konan til að gegna embætti varaforseta réttarins.

Ingveldur lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1985 og stundaði framhaldsnám við lagadeild háskólans í Uppsölum árið 1997 og Oslóarháskóla árið 2011.

Eftir að Ingveldur lauk lagaprófi starfaði hún lengst af sem dómarafulltrúi þar til hún var skipuð héraðsdómari árið 1999. Hún var síðan skipaður dómari við Landsrétt frá 1. janúar 2018. Ingveldur hefur gegnt fjölmörgum aukastörfum á sínum ferli en meðal þeirra má nefna að hún var formaður Barnaverndarráðs Íslands 1997 til 2000 og formaður kærunefndar barnaverndarmála 2004 til 2013. Einnig átti hún sæti í Dómsstólaráði 2000 til 2006 og var formaður þess 2005 til 2006. Þá var hún formaður Dómarafélags Íslands 2009 til 2011.



Ingveldur Einarsdóttir

AÐRIR STARFSMENN

Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómenda. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri réttarins er Ólöf Finnsdóttir. Forseti ræður til réttarins lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verksvið þeirra og stöðu. Á árinu störfuðu sex aðrir starfsmenn hjá Hæstarétti í jafnmörgum ársverkum.

Guðmundur Snæbjörnsson

aðstoðarmaður hæstaréttardómara

Herdís Traustadóttir

skrifstofuumsjón

Jenný Harðardóttir

aðstoðarmaður hæstaréttardómara

Linda Ramdani

aðstoðarmaður hæstaréttardómara

Ólöf Finnsdóttir

skrifstofustjóri

Sonja Hafdís Pálsdóttir

verkefnastjóri

Að auki aðstoðaði **Guðmundur**

Ingi Guðmundsson bókasafns- og upplýsingafræðingur, við bókasafn réttarins og **Jóhannes B. Sigtryggsson**, doktor í íslenskri málfræði, sá um yfirllestur á dómum.



Starfsfólk réttarins

VARADÓMARAR

Ráðherra getur sett að tillögu forseta Hæstaréttar varadómara til að taka sæti í tilteknu máli valdi vanhæfi dómara eða forföll því að færri en fimm eða eftir atvikum sjö dómamarar geti skipað dóm í máli. Á árinu voru eftirtaldir varadómamarar kallaðir til starfa við réttinn:

Helgi Ingólfur Jónsson
fyrirverandi hæstaréttardómari

Ingibjörg Benediktsdóttir
fyrirverandi hæstaréttardómari

Þorgeir Örlygsson
fyrirverandi hæstaréttardómari

Viðar Már Matthíasson
fyrirverandi hæstaréttardómari



TILNEFNINGAR OG SKIPANIR

Á hverju ári tilnefnir eða skipar Hæstiréttur Íslands í stjórnir, ráð og nefndir á grundvelli laga. Eftirfarandi tilnefningar og skipanir voru á árinu 2024:

Febrúar 2024

Úrskurðarnefnd lögmanna: Berglind Svavarsdóttir lögmaður var tilnefnd sem nefndarmaður ad hoc við meðferð eins máls.

Apríl 2024

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála: Daði Már Kristófersson prófessor var tilnefndur sem nefndarmaður ad hoc við meðferð eins máls.

Maí 2024

Fjölmiðlanefnd: Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir lögmaður var tilefnd sem varamaður.

Júní 2024

Dómstólasýslan: Björg Thorarensen hæstaréttardómari var kosin varamaður í stjórn dómstólasýslunnar.

Endurupptökudómur: Ása Ólafsdóttir hæstaréttardómari var tilnefnd sem varadómari frá og með 1. ágúst 2024.

Október 2024

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála: Friðrik Árni Friðriksson Hirst lögfræðingur var tilnefndur sem nefndarmaður.

Kærunefnd jafnréttismála: Ari Karlsson lögmaður var tilnefndur sem formaður nefndarinnar og Maren Albertsdóttir lögmaður sem nefndarmaður.

Nóvember 2024

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara: Eiríkur Tómasson fyrrverandi hæstaréttardómari tilnefndur sem nefndarmaður ad hoc við meðferð eins máls.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála: Kristinn Már Reynisson lektor var tilnefndur sem varamaður.

Desember 2024

Kærunefnd jafnréttismála: Maren Albertsdóttir lögmaður var endurtilnefnd sem aðalmaður og Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður endurtilnefndur sem varamaður hennar.

MÁLSKOTSBEIÐNIR – ÁFRÝJUNAR- EÐA KÆRULEYFI

Á árinu 2024 bárust Hæstarétti samtals 184 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi samanborið við 160 árið þar áður. Málskotsbeiðnir geta varðað áfrýjun einkamáls, sakamáls eða kæruleyfi. Þrír dómara skulu að jafnaði taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi og hvort kæra verður tekin til meðferðar. Þegar ákvörðun

liggur fyrir er hún kynnt aðilum máls og loks birt á vef réttarins. Alls voru afgreiddar 185 beiðnir á árinu og voru 32 beiðnir óafgreiddar í árslok. Nánari upplýsingar um fjölda málskotsbeiðna og skiptingu þeirra er að finna í tölfræðikafla ársskýrslunnar.



ÁFRÝJUÐ OG KÆRÐ MÁL

Þegar umsókn um áfrýjunarleyfi er samþykkt í einkamáli gefur Hæstiréttur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins. Eftir ákvörðun forseta réttarins taka fimm dómarmenn við Hæstarétt þátt í meðferð máls en í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að sjö dómarmenn skipi dóm. Í máli nr. 24/2023: A gegn íslenska ríkinu sátu allir sjö dómarmenn réttarins í dómi en héraðsdómi var áfrýjað beint til réttarins. Í málinu var deilt um útreikning bóta úr Fæðingarorlofssjóði. Á málflutning hlýddi fjöldi nemenda við lagadeild Háskóla Íslands. Á undan honum ræddu Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar og Björg Thorarensen hæstaréttardómari við nemendurna.

Á árinu dæmdu Hæstiréttur í 60 málum, þar af voru 42 áfrýjuð einka- og sakamál og 18 kærð einka- og sakamál. Nánari upplýsingar

um fjölda dæmdra mála, skiptingu þeirra og málsúrslit er að finna í tölfræðikafla aftar í ársskýrslunni.

Reifanir helstu dóma

EINKAMÁL

Hrd. 19. febrúar 2024 í máli nr. 33/2023: Fosshótel Reykjavík ehf. gegn Íþöku fasteignum ehf. og gagnsök

Með samningi til 20 ára tók F ehf. til leigu af Í ehf. fasteign undir hótélrekstur. Vegna aðstæðna sem rekja mátti til heimsfaraldurs COVID-19 lokaði F ehf. hótelinu í apríl 2020. Í málinu krafðist F ehf. þess að endurgjaldsákvæði leigusamnings aðila yrði breytt til



Sjö manna dómur 6. febrúar 2024 – Rætt við nemendur

lækkunar á tímabilinu apríl 2020 til mars 2021. Í ehf. krafðist hins vegar greiðslu leigu fyrir tímabilið apríl 2020 til september sama ár. Hæstiréttur féllst ekki á að sjónarmið um áhættuskipti, stjórnunarabyrgð, brostnar forsendur eða regla 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa skyldu leiða til breytinga á samningi eða skyldum til greiðslu leigu. Leigusamningurinn hafði að geyma sérstakt ákvæði um force majeure-aðstæður sem gæti haft áhrif í tilviki greiðslufalls F ehf. Hæstiréttur taldi atvik hafa verið með þeim hætti að skilyrði samningsákvæðisins væru uppfyllt þannig að greiðslufall F ehf. frá 1. apríl 2020 til 31. mars 2021 var ekki talið hafa falið í sér vanefnd. Á hinn bóginn leysti það F ehf. ekki undan skyldu til að greiða kröfuna eftir að því ástandi lauk. F ehf. var því dæmt til að greiða Í ehf. leiguskuldirna með dráttarvöxtum frá þeim tíma er efndahindrun samkvæmt samningsákvæðinu lauk.

Hrd. 28. febrúar 2024 í máli nr. 24/2023: A gegn íslenska ríkinu

A höfðaði mál á hendur Í og krafðist þess að felldur yrði úr gildi úrskurður úrskurðarnefndar velferðarmála þar sem staðfest var niðurstaða Fæðingarorlofssjóðs um útreikning greiðslna í fæðingarorlofi til A. Með úrskurðinum voru henni ákvarðaðar lágmarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði þar sem hún hafði ekki haft neinar tekjur hér á landi á viðmiðunartímabilinu. Taldi A að úrskurðurinn færi í bága við EES-samninginn. Hún hafði verið búsett og starfandi í Danmörku á 12 mánaða viðmiðunartímabili sem lauk sex mánuðum fyrir fæðingarmánuð barns. Undir rekstri málsins í héraði var leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins með spurningum um hvort það bryti í bága við reglur sem gilda samkvæmt EES-samningnum að einungis væri tekið tillit til heildarlauna á innlendum vinnumarkaði. Í álitinu sagði að skylda til að

koma í veg fyrir að farandlaunþegar yrðu verr settir við það að nýta sér rétt til frjálsrar farar fæli í sér að bætur til þeirra skyldu vera hinar sömu og þær hefðu verið ef launþegi hefði ekki neytt þess réttar. Þar af leiðandi bæri að reikna viðmiðunartekjur launþega vegna starfstímabils í öðru EES-ríki út frá áætluðum tekjum launþega í sambærilegri stöðu og með sambærilega starfsreynslu og hæfi og launþegi í því ríki þar sem sótt væri um bætur. Hæstiréttur tók fram að þótt ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins væru ekki bindandi að íslenskum rétti hefðu þau í réttarframkvæmd verið lögð til grundvallar við skýringu á efni EES-reglna. Að baki því væri sú grundvallarregla EES-samningsins að stuðla að samkvæmni í skýringum á EES-reglum og samræmdri framkvæmd EES-samningsins. Þrátt fyrir þetta yrði að fallast á það með héraðsdómi að Fæðingarorlofssjóður hefði ekki getað virt að vettugi skýr og afdráttarlaus fyrirmæli þágildandi laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof við ákvörðun um greiðslu úr sjóðnum til A. Því var staðfest niðurstaða héraðsdóms um að sýkna Í.

Hrd. 27. mars 2024 í máli nr. 20/2023 (sjá einnig mál nr. 21, 22 og 23/2023): Embætti ríkislögreglustjóra og íslenska ríkið gegn Árna Elíasi Albertssyni

Ágreiningur málsaðila laut að því hvort R og Í væru bundin af samkomulagi milli þáverandi ríkislögreglustjóra og Á sem laut að samsetningu launa hans. Með samkomulaginu var hann færður upp um sjö launaflokka og fimm þrep og föstum mánaðarlegum yfirvinnustundum fækkað úr 50 í þrjár. Fól þetta í sér um 50% hækkun grunnlauna Á sem leiddi til samsvarandi hækkunar á lífeyrisréttindum hans í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þegar samkomulagið var undirritað voru tvö og hálf ár í að skipunartími Á rynni út en í því var tekið fram að það gildi út skipunartíma hans. Hæstiréttur komst að

þeirri niðurstöðu að R hefði farið út fyrir þær efnislegu heimildir sem hann hafði samkvæmt lögum og kjara- og stofnanasamningi til að breyta samsetningu launa Á og að ákvörðunin hefði af þeim ástæðum verið ólögmat. Rétturinn taldi hins vegar að í samkomulaginu hefði falist bindandi loforð og að þar sem það hefði snúið að Á sem launþega yrði að líta til reglna á sviði vinnuréttar við mat á skuldbindingargildi þess. Var ekki talið sannað að Á hefði verið grandsamur um að R hefði skort efnislega heimild til að taka þá ákvörðun sem fólst í samkomulaginu. Var varakrafa Á því tekin til greina.

Hrd. 27. mars 2024 í máli nr. 1/2024: A gegn B skiptastjóra þrotabús C ehf.

Skiptastjóri þrotabús C ehf. krafðist þess að A, sem hafði verið fyrirsvarsmaður og eini eigandi félagsins, yrði gert að sæta atvinnurekstrarbanni. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu hins kærða úrskurðar og héraðsdóms um að skilyrði slíks banns væru uppfyllt. Í úrskurði héraðsdóms kom fram að af gögnum málsins yrði ekki ráðið að A hefði á þeim tíma er hann rak félagið freistað þess að færa rekstur þess í rétt horf heldur þvert á móti séð til þess að fjármunir sem voru á reikningum félagsins rynnu til hans sjálfs í formi tekna og óútskýrðra greiðslna. Þá komst rétturinn að þeirri niðurstöðu með hliðsjón af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu að löggjöf um atvinnurekstrarbann samkvæmt XXVI. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. fæli ekki í sér refsingu eða refsikennd viðurlög. Einnig fjallaði rétturinn um afturvirkni breytingarlaga nr. 133/2022 sem færðu reglurnar um atvinnurekstrarbann í lög með hliðsjón af 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Með vísan til þeirra ríku þjóðfélagslegu hagsmuna sem þjuggu að baki lögnum var ekki fallist á með A að óheimilt væri að líta til háttsemi hans fyrir gildistöku laganna við ákvörðun um að leggja á atvinnurekstrarbann.

Samkvæmt framangreindu var A gert að sæta atvinnurekstrarbanni í þrjú ár.

Hrd. 27. mars 2024 í máli nr. 36/2023: Stefán Halldórsson, Anna Guðný Halldórsdóttir og Pórey Kolbrún Halldórsdóttir gegn íslenska ríkinu

A, S og Þ höfðuðu mál á hendur Í og kröfðust þess að felld yrði úr gildi ákvörðun um að friðlýsa vatnasvið Jökulsár á Fjöllum gagnvart orkuvinnslu vegna virkjunarkosta með uppsett rafafli 10 MW eða meira. A, S og Þ voru eigendur jarðanna Brúar 1 og Brúar 2 en land þeirra liggur að Jökulsá á Fjöllum og er að hluta til á vatnasvæði þess vatnsfalls. Á svæðinu höfðu verið ráðagerðir um virkjunarkostina Arnardalsvirkjun og Helmingsvirkjun. Hæstiréttur tók fram að í friðlýsingu landsvæðis fyrir orkuvinnslu fælust almennar takmarkanir á eignarréttindum. Í niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun hefðu falið í sér að ráðherra hefði aðeins getað tekið ákvörðun um friðlýsingu landsvæðis eftir 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þegar Alþingi hefði í þingsályktun um vernd og orkunýtingu afmarkað með einhverjum hætti þau landsvæði sem féllu í verndarflokk. Með þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða hefði verið mælt fyrir um að Arnardalsvirkjun og Helmingsvirkjun féllu í verndarflokk án þess að því fylgdi tilgreining á landsvæði vegna þeirra virkjunarkosta. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ákvörðun um friðlýsingu á vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum yrði ekki reist á áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða en áskilið væri samkvæmt 53. gr. laga nr. 60/2013 að friðlýsing tæki til landsvæða í verndarflokki þeirrar áætlunar. Samkvæmt því hefði sá grundvöllur undir friðlýsingu sem henni væri mörkuð með lögum nr. 48/2011 brostið. Hæstiréttur féllst því á aðalkröfu A, S og Þ um að friðlýsingin yrði felld úr gildi.

Hrd. 10. apríl 2024 í máli nr. 42/2023: A gegn B

A höfðaði mál gegn B til heimtu skaðabóta fyrir að víkja henni fyrirvaralaust úr starfi grunnskólakennara vegna kinnhests sem hún veitti 13 ára nemanda. Byggði B á því að háttsemi A hefði falið í sér gróft brot í starfi og viðvera hennar á vinnustað myndi valda skaða fyrir starfsemi skólans. Því hefðu verið uppfyllt skilyrði til að víkja henni fyrirvaralaust úr starfi. Hæstiréttur tók fram að þótt ekki væri réttlætunlegt að kennari veitti nemanda kinnhest yrði við mat á því hvort brot A teldist gróft að skoða háttsemi hennar heildstætt á grundvelli allra atvika. Hefði háttsemin verið óundirbúið viðbragð A við kinnhesti sem nemandinn veitti henni eftir að hafa neitað að fylgja fyrirmælum. Í því hefði ekki falist líkamleg refsing eða líkamlegt inngrip í refsingarskyni sem starfsfólki er óheimilt að beita samkvæmt 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Enn fremur bæri að líta til þess að A hefði strax tilkynnt um atvikið til skólastjórnenda og þannig leitast við að koma málinu í réttan farveg innan skólans. Í ljósi þessara atvika var ekki fallist á að A hefði orðið uppvís að grófu broti í starfi. Hefðu skilyrði kjarasamningsákvæðis til að víkja A fyrirvaralaust úr starfi án undanfarandi áminningar ekki verið uppfyllt og ákvörðun B því ólögmat. Var B gert að greiða A bætur vegna fjártjóns og miska.

Hrd. 6. maí 2024 í máli nr. 34/2023: Isavia ohf. gegn ALC A321 7237, LLC og Íslenska ríkinu og ALC A321 7237, LLC gegn Isavia ohf.

I ohf. höfðaði skaðabótamál á hendur A og Í vegna innsetningar í loftfar sem fór fram á grundvelli dómsúrskurðar. I ohf. hafði á grundvelli þágildandi 1. mgr. 136. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir aftrað för farþegaþotu

A frá Keflavíkurflugvelli vegna gjaldfallinna krafna á hendur flugfélaginu W hf. sem var leigutaki þotunnar. A krafðist innsetningar í þotuna sem héraðsdómur heimilaði og féllst ekki á frestun réttaráhrifa úrskurðarins. Var henni í framhaldinu flogið af landi brott. Hæstiréttur taldi að ríkar kröfur yrðu jafnan gerðar til lagaheimildar sem fæli í sér greiðsluþvingun, sérstaklega við aðstæður þar sem kröfur beindust að eiganda loftfars sem ekki hefði átt í kröfuréttarsambandi við rekstrar- aðila flugvallar. Lagareglan sem um ræddi hefði verið ónákvæm og ókleift fyrir I ohf. að fullnusta í þotu A þá fjárkröfu sem W hf. hafði stofnað til gagnvart I ohf. Fallist var á að beiting stöðvunarheimildar á grundvelli 1. mgr. 136. gr. laga nr. 60/1998 hefði þó verið lögmæt vegna þeirra gjalda sem stofnað hafði verið til sérstaklega vegna umrædds loftfars. Eftir að A hafði innt þau af hendi í maí 2019 hefði I ohf. ekki getað sótt frekari heimild í greinina til að aftra áfram för þotunnar enda fengi slíkt ekki samræmst vernd eignarréttar A, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Kæmi því hvorki til álita í málinu bótaábyrgð I ohf. á hendur A á grundvelli 1. mgr. 96. gr. laga nr. 90/1989 né á hendur Í á grundvelli sakarreglunnar og voru þau sýknuð af kröfum í aðalsök. Af niðurstöðum í aðalsök leiddi að stöðvunarheimild 136. gr. laga nr. 60/1998 náði aðeins til þeirra gjalda sem stofnað hafði verið sérstaklega til vegna viðkomandi loftfars. I ohf. var auk þess virt til sakar að gera samkomulag við W hf. um tilhögun greiðslu og tryggingu allra gjaldfallinna krafna vegna allra loftfara á vegum flugfélagsins. Á tjóni sem af því leiddi bæri I ohf. ábyrgð og væri bótaskyلت gagnvart A vegna tjóns sem það varð fyrir á tímabilinu frá 6. maí til 18. júlí 2019. Hins vegar var I ohf. sýknað af kröfu um skaðabætur vegna þeirrar greiðslu sem það innti af hendi í maí 2019. Að öðru leyti þótti skaðabótakrafa þess svo vanreifuð að henni var vísað frá héraðsdómi.

Hrd. 15. maí 2024 í máli nr. 52/2023: Íslenska ríkið gegn Eyjólfí Orra Sverrissyni

E höfðaði mál gegn Í þar sem hann krafðist þess að viðurkennt yrði með dómi að nánar tilgreindar stundir sem hann varði í ferðir vegna vinnu teldust vinnutími í skilningi 1. töluliðar 52. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Undir rekstri málsins var aflað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um túlkun vinnutímahugtaks 2. gr. tilskipunar 2003/88/EB. Í niðurstöðu dómstólsins kom fram að tíma sem varið væri í ferðalög utan hefðbundins vinnutíma, eins og í tilviki E, til annars áfangastaðar en hefðbundinnar starfsstöðvar í því skyni að inna af hendi störf eða skyldur, að kröfu vinnuveitanda, teldist vinnutími. Hæstiréttur taldi Í ekki hafa teft fram neinum þeim rökum sem haft gætu þau áhrif að ekki yrði byggt á ráðgefandi áliti í málinu. Þvert á móti væri álitið í samræmi við niðurstöður í öðrum sambærilegum málum. Samkvæmt þessu yrði að skýra hugtakið „vinnutími“ eins og það hefur verið túlkað af EFTA-dómstólnum. Taldist ferðatími E í umræddum vinnuferðum vinnutími í skilningi ákvæðisins.

Hrd. 5. júní 2024 í máli nr. 2/2024: Landsnet hf. og Orkustofnun gegn Landsvirkjun

Í málinu var deilt um heimild L hf. til að leggja á LV afgangur fyrir innmötun raforku. Deildu aðilar um hvort 1. málsliður 1. mgr. 12. gr. a raforkulaga nr. 65/2003 veitti L hf. sem flutningsfyrirtæki samkvæmt lögum heimild til að leggja gjaldið á LV með gjaldskrá sinni sem tók gildi á árinu 2022. Í niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að ljóst væri að innmötunargjald teldist ekki vera skattur sem lyti fyrir mælum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Það væri jafnframt ekki hefðbundið þjónustugjald heldur gjald sérstaks eðlis sem ætlað

væri að standa undir fleiri atriðum en þjónustu L hf. Hæstiréttur tók fram að ekki yrði hjá því litið að með lagabreytingu árið 2011 á raforkulögum nr. 65/2003 hefði verið fellt brott úr lögum ákvæði þar sem vísað hefði verið til innmötunargjalds. Væri því ekki lengur mælt fyrir um álagningu slíks gjalds í raforkulögum. Þá féllst Hæstiréttur ekki á að lagafyrirmæli um markmið með setningu tekjumarka fælu í sér lagastoð fyrir innheimtu gjaldsins. Komst Hæstiréttur því að þeirri niðurstöðu að lagastoð skorti fyrir álagningu afganggjalds fyrir innmötun raforku í flutningskerfi L hf.

Hrd. 18. september 2024 í máli nr. 3/2024: Íslenska ríkið gegn Verkfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi tölvunarfræðinga og Lyfjafræðingafélagi Íslands

Þrjú stéttarfélög höfðuðu mál fyrir hönd félagsmanna sinna og kröfðust þess að viðurkennt yrði að ákvörðun Í um að segja upp samningum um yfirvinnu á föstum forsendum við starfsmenn á stoðeiningum Landspítala hefði falið í sér hópuppsagnir í skilningi laga nr. 63/2000 um hópuppsagnir. Undir rekstri málsins fyrir Landsrétti var leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um hvernig bæri að túlka tilskipun ráðsins 98/59/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir sem var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 63/2000. Í áliti dómstólsins kom meðal annars fram að það væri uppsögn í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar þegar vinnuveitandi, einhliða og starfsmanni í óhag, gerði verulegar breytingar á meginþætti ráðningarsamnings af ástæðum sem tengdust ekki hlutaðeigandi launþegum. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að lög nr. 63/2000 veittu opinberum starfsmönnum einnig réttarvernd fyrir hópuppsögnum. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að þær breytingar sem orðið hefðu á starfskjörum umræddra starfsmanna hefðu ekki falið í sér verulegar breytingar á meginþætti ráðningar-

samnings þeirra og var því ekki fallist á að um hópuppsagnir hefði verið að ræða. Samkvæmt þessu var kröfum stéttarfélaganna hafnað.

Hrd. 9. október 2024 í máli nr. 7/2024: Rekstrarfélag Hafnartorgs gegn Brimborg ehf.

R, sem rekur bílastæðahús við Hafnartorg í Reykjavík, höfðaði mál gegn B ehf. til heimtu leigugjalda vegna notkunar á bílastæðum í bílastæðahúsinu á tilteknu tímabili. Í málinu var talið sannað að leigutakar bifreiða B ehf. hefðu lagt í bílastæði R. Hæstiréttur féllst á að R hefði gefið nægilega skýrt til kynna með skiltum og auglýsingum á staðnum að greiðsla væri áskilin fyrir not af bílastæðahúsinu og að ökumenn hefðu með þeirri athöfn að leggja í bílastæði gengist undir skuldbindingu samkvæmt skilmálum R um að greiða fyrir notkunina. Með þessu hefði komist á samningur um notkun bílastæðanna í umrædd skipti. Hæstiréttur taldi hins vegar að af efni skilmála sem giltu við gerð leigusamninga um bifreiðir milli B ehf. yrði ekki ráðið að B ehf. hefði veitt leigutökum sínum umboð til að skuldbinda fyrirtækið til greiðslu gjalds fyrir afnot af bílastæðum. Þá taldi Hæstiréttur að B ehf. hefði verið heimilt að afhenda R persónuupplýsingar um leigutaka bifreiða sem honum voru nauðsynlegar til þess að krefja þá um greiðslu. Hins vegar var ekki fallist á að B ehf. hefði skuldbundið sig til að greiða leigugjöldin með því að synja R um afhendingu þeirra upplýsinga. Var B ehf. sýknað af kröfum R.

Hrd. 14. október 2024 í máli nr. 39/2024: Skatturinn gegn A

Með úrskurði ríkisskattstjóra í desember 2021 voru opinber gjöld B vegna gjaldáranna 2011 til 2017 endurákvörðuð. B var í hjúskap með A árin 2010 til 2012 og bar að lögum ábyrgð á þeim hluta kröfunnar sem rekja mátti til þess

tíma. Þegar rannsókn skattrannsóknarstjóra á skattskilum B stóð yfir höfðu tilgreindar eignir B og A verið kyrrsettar til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu. B óskaði í janúar 2022 eftir að kyrrsettum bankainnstæðum hans yrði ráðstafað til greiðslu skuldar vegna gjaldáranna 2011 til 2014 en því hafnaði S. Með dómi Landsréttar 20. janúar 2023 í máli nr. 754/2022 var staðfest fjárnámssgerð hjá B sem S hafði afmarkað við skattskuldir vegna gjaldáranna 2013 til 2017 og í kjölfarið ráðstafaði S þeim til greiðslu nýjustu skulda B. Í maí 2023 framkvæmdi sýslumaður, að kröfu S, fjárnám hjá A vegna skattskulda gjaldáranna 2011 til 2013. A höfðaði mál þetta og krafðist þess að fjárnámið yrði fellt úr gildi þar sem S hefði verið skylt að ráðstafa fjármunum B í samræmi við greiðslufyrirmæli hans og 2. gr. reglna nr. 797/2016 um greiðsluforgang og skuldajöfnunskatta og gjalda. Ef þeim tilmælum hefði verið fylgt hefði sá hluti skattgreiðslna B sem A bar ábyrgð á verið greiddur að fullu. Hæstiréttur taldi ekki leiða af 2. gr. reglna nr. 797/2016 að leggja bæri að jöfnu beiðni B um ráðstöfun kyrrsettra bankainnstæðna við að greiðsla hefði borist frá gjaldanda í skilningi 1. mgr. greinarinnar eða ósk um tiltekna ráðstöfun greiðslu í skilningi b-liðar 2. mgr. sömu greinar. Fyrirmælin leystu A því ekki undan lögbundinni sjálfskuldarábyrgð á þeim hluta skattskulda B sem ekki fengust greiddar með þeim fjármunum sem innheimtust með fjárnámi í kyrrsettum eignum hans. Var fjárnámssgerð sýslumanns því staðfest.

Hrd. 14. október 2024 í máli nr. 10/2024: Tryggingastofnun ríkisins gegn A og Öryrkjabandalagi Íslands

Með dómi Hæstaréttar 6. apríl 2022 í máli nr. 52/2021 var talið að skerðing á sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu hjá lífeyrisþegum sem ekki fullnægðu skilyrðum laganna um búsetu hér á landi skorti lagastoð. Í kjölfar dómsins leiðrétti T greiðslur sérstakrar

uppbótar á lífeyri fjögur ár aftur í tímann eða frá 1. maí 2018 og taldi eldri kröfur fyrndar. Í málinu krafðist A greiðslu uppbótar fyrir tímabilið 1. maí 2012 til 1. maí 2018 og Ö krafðist greiðslna vegna félagsmanna sinna fyrir tímabilið 1. janúar 2012 til 1. maí 2018. A og Ö töldu viðbótarfrest samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda eiga við um kröfur sem svöruðu til skerðingar bóta á fyrrgreindu tímabili þar sem þau hefði skort nauðsynlega vitneskju um kröfur sínar fram að uppkvaðningu dóms Hæstaréttar í máli nr. 52/2021. Í ljósi aðdraganda málsins taldi Hæstiréttur að sú réttaróvissa sem hefði verið fyrir hendi gæti ekki haft þau áhrif að skort hefði nauðsynlega vitneskju um ætlaðar kröfur þannig að fyrningarfrestur vegna þeirra byrjaði ekki að líða eftir 1. mgr. 10. gr. laga nr. 150/2007. Þá taldi Hæstiréttur að Ö hefði mátt vera þetta ljóst vegna undanfarandi hagsmunagæslu fyrir lífeyrisþega og jafnframt að sömu upplýsingar hefðu verið nægjanlega aðgengilegar öðrum lífeyrisþegum, þar á meðal A, svo að þeim hefði verið kleift að grípa til ráðstafana til að slíta fyrningu krafna sinna. Af þeirri ástæðu var T sýknað af kröfum A og Ö.

Hrd. 23. október 2024 í máli nr. 12/2024: A gegn Stapa lífeyrissjóði

Ágreiningur aðila laut að því hvort S hefði verið heimilt að skerða örorkulífeyrisgreiðslur til A með því að telja honum til tekna barnalífeyri sem hann fékk greiddan frá Tryggingastofnun. Hæstiréttur féllst ekki á að sú afstaða S að taka tillit til barnalífeyris almannatrygginga við ákvörðun örorkulífeyris honum til handa hefði farið í bága við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir S eins og viðkomandi ákvæði yrðu almennt skýrð með hliðsjón af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Leggja yrði til grundvallar að það samrýmdist almennt stjórnarskrárgreininni að réttur sjóðfélaga til örorkulífeyris tæki

mið af fjárhæð sem gerði hann jafnsettan og ef skerðing á aflahæfi hans hefði ekki orðið. Á hinn bóginn taldi Hæstiréttur að S hefði borið að vanda meir til málsmeðferðar við undirbúning ákvörðunarinnar og gæta þess að hún raskaði ekki hagsmunum lífeyrisþega meir en nauðsynlegt væri. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að umrædd ákvörðun, sem upphaflega hefði verið ranglega tekin á vettvangi Greiðslustofu lífeyrissjóða, ætti ekki rætur að rekja til afkomu S og að engin tryggingafræðileg athugun hefði legið henni til grundvallar. Með tilliti til þess og réttmætra væntinga A væri ekki unnt að líta svo á að S hefði lagt fullnægjandi grundvöll að ákvörðun um að skerða bætur hans. Var því fallist á kröfu A um greiðsluskyldu S vegna vangoldinna lífeyrisgreiðslna.

Hrd. 20. nóvember 2024 í máli nr. 15/2024: Íslenska ríkið gegn Reykjavíkurborg og gagnsök

Í málinu var deilt um hvort R hefði árin 2015 til 2019 átt rétt á tilgreindum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga tengdum rekstri grunnskóla á grundvelli laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og hvort fullnægjandi lagastoð hefði verið fyrir því að undanskilja R framlögum með reglugerð nr. 351/2002. Hæstiréttur tók fram að það hefði verið ótvíræð forsenda fyrir flutningi grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996 að kostnaðarauki R yrði að fullu fjármagnaður með hækkun útsvars og hann undanskilinn framlögum úr Jöfnunarsjóði. Þá fjallaði rétturinn um tilurð og markmið 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar og tók fram að fyrirmælum greinarinnar um að tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum hefði fyrst og fremst verið ætlað að tryggja að tekjustofnar þeirra sem byggðust á skattheimtu hvíldu á settum lögum en ekki stjórnvaldsfyrirmælum. Sveitarfélögin hefðu ýmsar aðrar tekjur samkvæmt lögum nr. 4/1995. Vegna þeirra forsendna sem ákveðnar

voru árið 1996 hefðu umrædd jöfnunarframlög til R aldrei verið reiknuð út og engin stjórnvaldsfyrirmæli sett um að fella þau niður. Hæstiréttur komst því að þeirri niðurstöðu að löggjafinn hefði ekki framselt ráðherra vald til að meta hvort eða á hvaða grunni R ætti rétt til að njóta framlaganna. Þá var ekki fallist á með R að fyrirmæli reglugerðar nr. 351/2002 um tilgreind framlög úr Jöfnunarsjóði sveitafélaga hefði skort stoð í lögum nr. 4/1995 í andstöðu við 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Var í því sýknað af kröfum R.

Hrd. 27. nóvember 2024 í máli nr. 11/2024: Lífeyrissjóður verzlunarmanna gegn A

Álitaefnið laut að því hvort L hefði verið heimilt að breyta lífeyrisséttindum þeirra sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri með hliðsjón af nýjum forsendum um lífslíkur sem honum bar að miða við í tryggingafræðilegri athugun á sjóðnum. Í þeim var í fyrsta sinn gengið út frá því að þeir sem yngri væru myndu ná hærri aldri en þeir eldri. Til að bregðast við nýjum forsendum um lífslíkur ákvað lífeyrissjóðurinn að lækka rétt yngri sjóðfélaga til mánaðarlegs ellilífeyris meira en þeirra eldri þar sem þeir kæmu til með að njóta lífeyris lengur. A, sjóðfélagi sem fæddur var árið 1982, stefndi lífeyrissjóðnum til ógildingar á breytingunum og taldi þær ekki samræmast lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða þeirri vernd eignarréttinda sem tryggð er í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Þá taldi hann breytingarnar ganga gegn meðalhófi og jafnræði sjóðfélaga. Hæstiréttur taldi að þótt lífeyrissjóðurinn hefði getað brugðist við breyttum lífslíkum sjóðfélaga sinna með öðrum hætti þá hefðu breytingarnar stefnt að lögmætu markmiði, byggst á málefnalegum sjónarmiðum og gætt hefði verið að jafnræði og meðalhófi. Að því virtu voru þær taldar vera innan svigrúms L, hefði haft stoð í lögum og væru ekki í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár

eða mannréttindasáttmála Evrópu. Var L sýknaður af kröfum A.

Hrd. 4. desember 2024 í máli nr. 19/2024: Dista ehf. gegn Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Í málinu var deilt um hvort Á hefði verið heimilt að hætta innkaupum á tveimur bjórtegundum af fyrirtækinu D ehf. Ákvarðanirnar byggðust á því að bjórtegundirnar hefðu ekki náð viðmiðum um framlegð. D ehf. taldi að slík viðmið ættu sér ekki stoð í lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak en bjórtegundirnar tvær höfðu báðar notið meiri eftirspurnar en aðrar tegundir sem náðu viðmiði um framlegð. Samkvæmt 5. mgr. 11. gr. laganna setur ráðherra nánari reglur um vöruval, innkaup og dreifingu Á á áfengi. Þær skulu miða að því að tryggja vöruúrval, meðal annars með hliðsjón af eftirspurn kaupenda, jafnframt því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í áfengisverslunum. Í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 1106/2015, sem sett var á grundvelli lagagreinarinnar, er miðað við að framlegð skuli ráða vöruvali. Hæstiréttur taldi að þó svo að vöruval á grundvelli eftirspurnar annars vegar og framlegðar hins vegar leiddi í einhverjum tilvikum til svipaðrar niðurstöðu þá byggðust viðmiðin á ólíkum forsendum og gætu leitt til mismunandi niðurstaðna eins og raunin hefði verið í málinu. Hæstiréttur áréttaði að lagafyrirmæli sem liggja til grundvallar skerðingu á atvinnufrelsi þurfi að vera skýr og verði ekki túlkuð rúmt borgurunum í óhag. Voru ákvarðanirnar taldar brjóta gegn lagaáskilnaðarkröfu 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar og þær því felldar úr gildi.

Hrd. 9. desember 2024 í máli nr. 18/2024: Persónuvernd og íslenska ríkið gegn Reykjavíkurborg

Í byrjun árs 2021 innleiddi R stafrænu kennslulausnina Seesaw í sex grunnskólum borgarinnar. Með ákvörðun P 16. desember 2021 var R gert að loka reikningum skólabarna í lausninni og sjá til þess að öllum persónuupplýsingum yrði eytt úr henni þar sem notkunin hefði verið ólögumæt. Þá ákvað P 3. maí 2022 að leggja 5.000.000 króna sekt á R vegna málsins sem skyldi greiðast til Í. R höfðaði mál til ógildingar ákvarðana P og endurgreiðslu sektarinnar. Hæstiréttur taldi ekki efni til að ógilda ákvörðun P 16. desember 2021 í heild þrátt fyrir að R hefði ekki verið veittur formlegur andmælaréttur með vísan til 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 sem hefði þó talist til vandaðra stjórnisýsluhátta. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að P hefði ekki lagt viðhlítandi grunn að efnislegri niðurstöðu sinni hvað varðaði tegund persónuupplýsinga auk þess sem efnislegir annmarkar hefði verið á mati P á heimild R til vinnslu persónuupplýsinga. Að virtum þeim atvikum sem lágu fyrir og stöðu málsins við fyrri ákvörðun P var það mat réttarins að sá þáttur hennar sem laut að lokun reikninga skólabarna og eyðingu persónuupplýsinga hefði verið úr hófi og var hún því felld úr gildi að hluta. Hæstiréttur taldi enn fremur að ekki hefði verið efni til að gera R sekt með síðari ákvörðuninni vegna efnislegra annmarka og ágalla á stjórnisýslulegri meðferð hennar og var í gert að endurgreiða R stjórnvaldssektina.

SAKAMÁL

Hrd. 31. janúar 2024 í máli nr. 31/2023: Ákærvaldið gegn Brynjari Joensen Creed

Sá hluti málsins sem var til endurskoðunar fyrir Hæstarétti laut að brotum B gegn 1.

mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Í fyrsta lagi með því að hafa fengið brotþola A til að stinga fingri í endaparm, taka myndband af því og senda sér, í öðru lagi með því að hafa fengið brotþola A og C til að hafa kynferðismök sín á milli með gervilim, taka myndband af því og senda sér og í þriðja lagi að hafa fengið brotþola D til að fróa sjálfri sér með kynlífshjálpartæki sem hann gaf henni, taka upp myndband af því og senda sér. Í dómi Hæstaréttar kom fram að sú þróun sem orðið hefði með aukinni netnotkun barna og breyttu samskiptamynstri þeirra í milli og við aðra með notkun samfélagsmiðla og samskiptaforrita gerði þau berskjölduð gagnvart kynferðislegri háttsemi sem hægt væri að drýgja á þeim vettvangi. Rétturinn tók fram að á löggjafanum hvíldi ótvíræð skylda til þess að vernda börn gegn hvers konar misnotkun, þar á meðal kynferðislegri. Ekki yrði ráðið að orðalag 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga endurspegladi þá þróun og næði til þeirrar háttsemi að gerandi sem væri fjarstaddur fengi annan mann, í þessu tilviki barn, til þess að fróa sjálfu sér eða eiga kynferðismök við aðra og fá síðar myndskaið sent af því. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að orðalag 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga veitti ekki það svigrúm til túlkunar að fella mætti háttsemi B undir hugtakið önnur kynferðismök samkvæmt 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Voru brot B felld undir 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Niðurstaða Landsréttar um ákvörðun refsingar var staðfest.

Hrd. 14. febrúar 2024 í máli nr. 43/2023: Ákærvaldið gegn Guðlaugi Agnari Guðmundssyni og Halldóri Margeiri Ólafssyni

Þau brot sem voru til meðferðar fyrir Hæstarétti voru í fyrsta lagi aðild G og H að innflutningi á 53 lítrum af amfetamínvökva

sem falinn hafði verið í saltdreifara sem fluttur var til landsins í byrjun árs 2020 og framleiðslu amfetamíns úr vökvanum í sölu- og dreifingarskyni sem jafnframt var felld undir ákvæði almennra hegningarlaga um starfsemi skipulagðra brotasamtaka. Í öðru lagi aðild H að kannabísræktun og í þriðja lagi vörslu hans á kókaíni. Upphaf rannsóknar lögreglu á þeirri háttsemi sem G og H var gefin að sök mátti rekja til rafrænna gagna sem bárust íslenskum löggæsluyfirvöldum frá Europol en um var að ræða rafræn samskipti milli notenda samskiptakerfisins Encrochat. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að framlagning gagnanna yrði ekki talin fela í sér að brotið hefði verið gegn rétti G og H til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Hæstiréttur féllst ekki á að sakfelling G og H hefði eingöngu verið reist á Encrochat-gögnunum eða að þeim hefði verið gefið of mikið vægi við sönnunarmat. Komst Hæstiréttur því að þeirri niðurstöðu að framlagning gagnanna, notkun þeirra við mat á sönnun fyrir sekt G og H og aðferð við mat á sönnunargildi þeirra hefði ekki brotið í bága við rétt þeirra til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Hæstiréttur tók fram að niðurstaða Landsréttar um sakfellingu hefði byggst á rökstuddu heildarmati á sönnunargildi munnlegs framburðar og fjölmargra sönnunargagna. Var því staðfest niðurstaða Landsréttar um sakfellingu G og H. Jafnframt var staðfest sú niðurstaða að aðild þeirra að innflutningi saltdreifarans og framleiðslu amfetamíns hefði verið liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka. Var niðurstaða hins áfrýjaða dóms um ákvörðun refsingar og upptökukröfur staðfest.

Hrd. 13. mars 2024 í máli nr. 27/2023: Ákærvaldið gegn X

X var ákærð fyrir brot gegn 193. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir að hafa svipt A

valdi og umsjá yfir tveimur börnum þeirra með því að hafa farið með þau úr landi gegn vilja A og haldið þeim þar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að X og A hefðu farið sameiginlega með forsjá barna sinna og átt sama lögheimili þegar hún fór með þau úr landi. Með vísan til umfjöllunar um refsinaemi og gildissvið 193. gr. almennra hegningarlaga, réttarþróunar í dönskum og norskum rétti, tilhögun héraendrar löggjafar í forsjármálum og skýrleika refsheimilda var það niðurstaða dómsins að sú háttsemi sem ákærðu var gefin að sök yrði ekki felld undir 193. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt því var X sýknuð af kröfum ákærvaldsins.

Hrd. 18. desember 2024 í máli nr. 27/2024: Ákærvaldið gegn Gareese Joshua Gray

G var ákærður fyrir nauðgun samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa sest klofvega ofan á brotþola, haldið henni niðri og nuddað getnaðarlim sínum við andlit hennar þar til hann fékk sáðlát yfir það. Í dómi Hæstaréttar kom fram að dómaframkvæmd hefði ekki verið fyllilega einhlít um heimfærslu háttsemi af þessu tagi. Rétturinn taldi að líta yrði til atvika í heild og aðstæðna hverju sinni. Horfa yrði til þess að G hefði verið klofvega yfir brotþola og varnað henni undankomu samtímis því að hann hefði fróað sér nærri andliti hennar þangað til hann hafði sáðlát yfir það. Háttsemin fæli í sér misnotkun á líkama brotþola og væri til þess fallin að veita honum kynferðislega útrás. Var því talið að um hefði verið að ræða önnur kynferðismök í skilningi 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940. G var dæmdur í tveggja ára fangelsi og til þess að greiða brotþola 2.000.000 króna í miskabætur.



MÁLSTOFA UM ÞRIGGJA ÞREPA DÓMSKERFI

Fimmtudaginn 21. nóvember efndu Hæstiréttur og dómstólasýslan til málstofu um þriggja þrepa dómskerfi í dómsal Hæstaréttar. Tilgangurinn var að ræða þann ávinning sem orðið hefði af þessari breytingu á dómstólaskipaninni og hvaða áskorunum dómstólarnir stæðu frammi fyrir. Málstofan var vel sótt en til hennar var boðið öllum dómurum og löglærðum starfsmönnum dómstólanna.

Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar setti málstofuna og vakti athygli á því að tæp sjö ár væru liðin frá breytingunni. Þetta hefði verið viðamesta breyting á dómstólaskipan frá aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði 1. júní 1992 og stærsta breytingin á starfsemi Hæstaréttar frá því að rétturinn tók til starfa árið 1920. Jafnframt kom fram hjá honum að mikilvægt væri að skapa vettvang fyrir dómara

til að ræða um sameiginleg málefni og miðla upplýsingum milli dómstiga.

Málstofunni var skipt í tvo hluta. Í þeim fyrri voru reyndir málflytjendur fengnir til að greina frá þeirra sýn á hvernig til hefði tekist með þessa breytingu á dómstólaskipaninni og hvað mætti betur fara. Þeir málflytjendur sem tóku þátt í þessum hluta málstofunnar voru lögmennirnir Berglind Svavarsdóttir, Óttar Pálsson og Stefán A. Svensson og Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari. Í síðari hluta málstofunnar voru dómarafrá öllum dómstigum fengnir til að taka þátt í pallborðsumræðum um efnið en þátttakendur í því voru Benedikt Bogason, Eiríkur Jónsson, Halldóra Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Þorsteinsdóttir. Fyrri hluta málstofunnar stýrði Sigurður Tómas Magnússon varaforseti Hæstaréttar en þeim

Málstofa



síðari Kristín Haraldsdóttir framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar.

Markmiðið með þriggja þrepa dómskerfi var einkum að koma við endurskoðun á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi, þátttöku sérfróðra meðdómsmanna á áfrýjunarstigi og að fækka málum fyrir Hæstarétti. Þeir málflytjendur sem tóku þátt í málstofunni voru sammála um að þessi markmið hefðu náðst og í þessu hefði falist mikil réttarbót. Einnig kom fram að Hæstiréttur gæti nú betur sinnt því hlutverki að vera réttarskapandi og fordæmisgefandi og það mætti merkja af dómum réttarins.

Fram kom hjá lögmönnunum að málsmeðferðartími í Landsrétti í einkamálum væri of langur og mótvægisáðgerðir hefðu ekki skilað nægum árangri. Úr þessu þyrfti að bæta svo sem með tímabundinni fjölgun dómara við réttinn. Að þessu leyti væri staðan betri í sakamálum og fram kom hjá ríkissaksóknara að sönnunarfærsla í þeim málum hefði yfirleitt gengið vel.

Til að bregðast við málafjölda og drætti á málsmeðferð í Landsrétti nefndu málflytjendurnir að til greina gæti komið að þrengja heimild til áfrýjunar og fækka kæruheimildum. Að því er varðaði það síðarnefnda var bent á að í stað þess að kæra úrskurð undir rekstri máls í héraði kæmi til greina að úr þessu yrði leyst við rekstur málsins fyrir Landsrétti ef dómi yrði áfrýjað þangað. Einnig var rætt um að einfalda mætti málsmeðferð fyrir Landsrétti. Var í þeim efnum bent á að einfaldari sakamál mætti afgreiða með skriflegri málsmeðferð en það hefði verið gert með góðum árangri í Noregi. Einnig kom fram sú tillaga hjá málflytjendunum að dómari setti matsmönnum tímamörk við dómkvaðningu þeirra. Með því móti væri reynt að sporna við ástæðulausum drætti á málsmeðferð. Einnig var rætt um að til álita gæti komið að takmarka lengd á stefnum og greinargerðum en skiptar skoðanir voru um það. Þá var nefnt að lögfesta ætti heimild í lögum um meðferð sakamála til að veita leyfi til að kæra úrskurði Landsréttar til Hæstaréttar.



Málstofa



Fram kom hjá málflytjendum að traust til dómstóla væri mikið bæði hjá lögmönnum og almenningi. Til að halda því væri mikilvægt að vinnubrögðin væru fagleg og málsmeðferðin skilvirk. Þegar traust væri fyrir hendi hjá málflytjendum gæfi það tóninn og skapaði tiltrú hjá aðilum og það mótaði almenningsálitið.

Í pallborðsumræðum með dómurum á öllum dómstigum í síðari hluta málstofunnar var almennt rætt um það sem komið hafði fram hjá málflytjendum í fyrri hluta hennar. Þeir

höfðu þá yfirgefið málstofuna eftir að þeim hafði verið þökkuð þátttakan. Fram kom að þriggja þrepa dómskerfi hefði falið í sér mikla réttarbót. Ágætlega hefði gengið að innleiða þessa breytingu þrátt fyrir vandkvæði í upphafi við að koma Landsrétti á fót. Jafnframt hefðu náðst öll þau markmið sem stefnt hefði verið að með þriggja þrepa dómskerfi. Einnig kom fram að þótt málsmeðferðartími mætti vera styttri væri hann ekki langur í erlendum samanburði.

Um tillögur til úrbóta í réttarfari kom meðal annars fram að hafa yrði í huga að kröfur um styttri málsmeðferðartíma mættu ekki koma niður á gæðum. Reynt hefði verið í þessu skyni að styrkja starfsumhverfi dómara með fræðslu af ýmsu tagi á vettvangi dómstólasýslunnar. Árangur að þessu leyti væri til þess fallinn að draga úr álagi á dómskerfið og yki samhliða traust á því. Hér mætti þó grípa til aðgerða til að draga úr drætti á málsmeðferð vegna öflunar matsgerða auk þess sem endurskoða mætti reglur um heimild til áfrýjunar til Landsréttar og kærur til réttarins á úrskurðum héraðsdóms í því skyni að fækka málum.

Í umræðum um traust til dómstóla kom fram að mikilvægt væri til að efla það að kynna starfsemina betur fyrir almenningi. Hér mætti hafa til hliðsjónar að í öðrum löndum væri þetta gert á samfélagsmiðlum auk þess sem þekkt væri í sumum löndum að dómara væru virkari í almennri umræðu á vettvangi fjölmiðla. Með því móti væri hægt að tryggja að réttar upplýsingar kæmu fram og að umræðan yrði vandaðri. Þessu væri þó takmörk sett og dómari gæti ekki komið fram á opinberum vettvangi og skýrt eigin dóma. Annar dómari gæti þó veitt upplýsingar og skýrt dóm en með því móti væri hægt að koma í veg fyrir misskilning eða villandi umræðu.

Hér hefur megindráttum málstofunnar verið lýst en fjöldi dómara tók þátt í umræðum sem voru í öllu tilliti gagnlegar og uppbyggilegar.

NORRÆNT SAMSTARF

Fundur skrifstofustjóra æðstu dómstóla Norðurlandanna

Árlegur fundur skrifstofustjóranna var haldinn í Reykjavík 28. til 30. ágúst. Ólöf Finnsdóttir skrifstofustjóri Hæstaréttar tók á móti gestum og annaðist fundinn. Þar var meðal annars gerð grein fyrir starfsemi dómstólanna á liðnu ári. Einnig var rætt um ýmis málefni sem efst voru á baugi hjá dómstólunum og hafa sameiginlega þýðingu fyrir þá.

Fundur forseta æðstu dómstóla Norðurlandanna

Þessi fundur er haldinn árlega og í þetta sinn var hann haldinn í Dalarna í Svíþjóð 4. til 7. september. Af hálfu Íslands sóttu fundinn Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar og Sigurður Tómas Magnússon varaforseti réttarins. Venju samkvæmt gerði hvert landanna grein fyrir starfsemi síns dómstóls á liðnu ári. Einnig voru tekin til umfjöllunar málefni sem eru efst á baugi og

hafa sameiginlega þýðingu fyrir dómstóla landanna, til að mynda fyrirkomulag á því þegar skipaðir eru dómarar við æðstu dómstóla ríkjanna. Af hálfu Íslands fjallaði Benedikt um reglur um aukastörf dómara og önnur starfskjör þeirra. Þá var fjallað um nýlega dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í loftslagsmálum og hvaða áhrif þeir gætu haft á rétt ríkjanna.



SAMSKIPTI VIÐ ALÞJÓÐADÓMSTÓLA

Í starfi Hæstaréttar hefur verið lögð áhersla á að eiga góð samskipti við þá alþjóðadómstóla sem Ísland á aðild að. Þetta er einkum gert með gagnkvæmum heimsóknum, miðlun upplýsinga og þátttöku í ráðstefnum og fundum.

Hinn 26. janúar sótti Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar hátíðlega athöfn í Strassborg í Frakklandi hjá Mannréttindadómstól Evrópu sem haldin er ár hvert og markar upphaf starfsárs dómstólsins. Þar flutti erindi írski dómariinn við réttinn, Síofra O'Leary, en hún var þá forseti dómstólsins. Einnig flutti erindi Didier Reynders, framkvæmdastjóri á sviði dómsmála hjá Evrópusambandinu, en hann var ráðherra í Belgíu á árunum 1999 til 2019. Sama dag sótti Benedikt ráðstefnu um ýmsa þætti svokallaðrar nálægðarreglu (principle of subsidiarity) sem haldin var af Mannréttindadómstólnum. Reglan tekur mið af því að aðildarríki að mannréttindasáttmála

Evrópu beri fyrst og fremst ábyrgð á því að honum sé framfylgt, sbr. 1. gr. samningsins. Jafnframt byggist nálægðarreglan á því að aðildarríkin hafi ákveðið svigrúm til mats við framkvæmd hans. Með 15. viðauka samningsins var tilvísun til nálægðarreglunnar bætt við formálsorð hans. Á ráðstefnunni stjórnaði Oddný Mjöll Arnardóttir, íslenski dómariinn við dómstólinn, einni af málstofum ráðstefnunnar. Einnig sóttu ráðstefnuna Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari og Hervör Þorvaldsdóttir forseti Landsréttar.

Tómas H. Heiðar, forseti Alþjóðlega Hafréttardómstólsins í Hamborg, heimsótti Hæstarétt 29. febrúar og átti fund með dómurum réttarins, skrifstofustjóra og aðstoðarmönnum dómara. Hann gerði grein fyrir starfsemi dómsins, ræddi nokkur áhugaverð mál sem þar eru til meðferðar og um hlutverk sitt sem forseta dómsins.

Hinn 6. og 7. júní hélt Mannréttindadómstóll Evrópu árlega ráðstefnu fyrir tengiliði æðstu dómstóla aðildarríkja Evrópuráðsins. Hæstiréttur Íslands er hluti af Superior Courts Network sem Mannréttindadómstóllinn setti á fót árið 2015 til að geta átt í skilvirkari samskiptum við dómstóla aðildarríkjanna. Mannréttindadómstóllinn sendir reglulega beiðnir um útskýringar á innlendra löggjöf og framkvæmd vegna samanburðarrannsókna og að sama skapi geta dómstólar aðildarríkjanna sent upplýsingabeiðnir til Mannréttindadómstólsins. Af hálfu Hæstaréttar sótti Linda Ramdani aðstoðarmaður dómara ráðstefnuna og af hálfu Landsréttar Sigríð Elín Þorvaldsdóttir aðstoðarmaður dómara. Síofra O'Leary forseti Mannréttindadómstólsins



Oddný Mjöll Arnardóttir, dómari Íslands við Mannréttindadómstól Evrópu, ásamt Lindu Ramdani og Sigríð Elínu Þorvaldsdóttur aðstoðarmönnum dómara



setti ráðstefnuna og fjallaði um nýlega dóma yfirdeildar Mannréttindadómstólsins í loftslagsmálum. Í kjölfarið voru fluttir frekari fyrirlestrar um dómana ásamt fyrirlestrum og umræðum um dómaframkvæmd fyrir dómstólum aðildarríkjanna í sambærilegum málum. Þá var þátttakendum skipað í vinnuhópa þar sem fjallað var um samskipti æðstu dómstóla við almenning og fjölmiðla og áskoranir því tengdar. Oddný Mjöll Arnardóttir, dómari Íslands við dómstólinn, og Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, lögfræðingur hjá dómstólnum, tóku á móti íslensku tengiliðunum og kynntu starfsemi dómstólsins og húsakynni.

Hæstiréttur fær árlega heimsókn frá EFTA-dómstólnum en Páll Hreinsson forseti hans og Ólafur Jóhannes Einarsson skrifstofustjóri dómstólsins áttu fund 13. júní með dómurum réttarins, skrifstofustjóra og aðstoðarmönnum dómara. Að þessu sinni sat einnig fundinn Kristín Haraldsdóttir framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar. Páll og Ólafur fjölluðu um það sem helst væri á döfinni hjá EFTA-dómstólunum og á vettvangi EES-samningsins.

Hinn 26. september hélt EFTA-dómstóllinn ráðstefnu í Lúxemborg til að fagna 30 ára

afmæli hans. Páll Hreinsson forseti dómstólsins setti ráðstefnuna með ávarpi en meðal þeirra sem fluttu erindi voru Koen Lenaerts forseti Evrópudómstólsins og Arnfinn Bårdsen, varaforseti Mannréttindadómstóls Evrópu. Ráðstefnuna sóttu hæstaréttardómararnir Benedikt Bogason, Sigurður Tómas Magnússon, Karl Axelsson og Ása Ólafsdóttir. Einnig tóku þátt í ráðstefnunni aðstoðarmenn dómara, þau Linda Ramdani, Jenný Harðardóttir og Guðmundur Snæbjörnsson. Meðal ráðstefnugesta var Þorgeir Örylgsson, fyrirverandi forseti Hæstaréttar, en hann var dómari við EFTA-dómstólinn á árunum 2003 til 2011. Í tilefni af afmælinu kom út ritið „Developing the EEA over Three Decades“. Í það rita Benedikt og Þorgeir kafla um áhrif dóma EFTA-dómstólsins á dóma Hæstaréttar.

Hæstiréttur hefur um nokkurt skeið fengið árlega heimsókn frá dómara Íslands við Mannréttindadómstól Evrópu. Hinn 29. október átti íslenski dómariinn við dómstólinn, Oddný Mjöll Arnardóttir, fund með starfsmönnum Hæstaréttar. Hún ræddi um störf dómstólsins og hvað væri efst á baugi á vettvangi hans.

ÖNNUR ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI

Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar sótti fund samtaka forseta æðstu dómstóla aðildarríkja Evrópusambandsins (Network of the Presidents of the Supreme Judicial Courts of the European Union) sem haldinn var í Aþenu í Grikklandi dagana 4. og 5. október. EFTA-ríkin sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og Bretland eiga aukaaðild að samtökunum. Ísland fékk aðild að þeim árið 2022. Á fundinum var fjallað um áhrif Evrópureglna á rétt ríkjanna. Einnig var rætt um starfskjör og vinnuskilyrði fyrir dómara og aðra starfsmenn dómstóla ríkjanna.

Linda Ramdani, Jenný Harðardóttir og Guðmundur Snæbjörnsson, aðstoðarmenn dómara, heimsóttu Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel 27. september. Lögfræðingar hjá stofnuninni fræddu þau um starfsemi hennar, einkum um verkefni tengd málflutningi og meðferð dómsmála fyrir EFTA-dómstólum og skipulagi málflutningsdeildar stofnunar-

innar. Þau fengu kynningu á húsnæði og aðstöðu stofnunarinnar í EFTA House og heimsóttu Fríverslunarsamtök Evrópu og Uppbyggingarsjóð EES sem eru einnig þar til húsa.



EMBÆTTI HEIMSÓTT

Hæstiréttur hefur um nokkurt skeið heimsótt árlega embætti á landsbyggðinni. Þetta árið var haldið til Akureyrar föstudaginn 11. október. Fyrst var farið í Héraðsdóm Norðurlands eystra en þar gerði Arnbjörg Sigurðardóttir dómstjóri grein fyrir starfsemi dómstólsins. Í framhaldi af því ræddu gestir við starfsmenn dómstólsins um starfsemi hans og það sem

efst er á baugi á vettvangi dómstólanna. Því næst tók Páley Borgþórsdóttir lögreglustjóri á móti hópnum og gerði grein fyrir störfum lögreglunnar í umdæminu. Einnig gafst kostur á að ræða við starfsmenn Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra um það sem er markvert innan löggæslunnar og hvernig hún hefur þróast á liðnum árum.



Heimsókn til Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra

KYNNING Á STARFSEMI HÆSTARÉTTAR

Á hverju ári leggur mikill fjöldi gesta leið sína í Hæstarétt og fær kynningu á starfsemi réttarins. Um er að ræða nemendur á framhaldsskóla- eða háskólastigi og ýmsa aðra sem vilja fræðast um Hæstarétt og dómskerfið. Á móti gestum hafa tekið dómara við réttinn, skrifstofustjóri og aðstoðarmenn dómara. Árlega koma jafnframt erlendir gestir í minni og stærri hópum. Þá eru þinghöld jafnan opin og gjarnan mæta áheyrendur til að fylgjast með málum sem vekja athygli. Að auki hafa laganemar mætt til að fylgjast með málflutningi ef flutt eru mál sem hafa þýðingu fyrir það efni sem er til náms. Hér á eftir verður sagt frá nokkrum heimsóknum í Hæstarétt á árinu.

Hinn 23. janúar fékk Hæstiréttur heimsókn frá eftirlitsnefnd á vegum Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins. Nefndin hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga frá árinu 1985. Sáttmálinn var fullgiltur af Íslands hálfu árið 1991. Á vegum nefndarinnar komu Matthias Gysin, Gudrun Mosler-Törnström, Stéphanie Poirel, og Nikos Chlepas. Á móti gestunum tóku Benedikt Bogason forseti réttarins, hæstaréttardómararnir Björg Thorarensen og Ása Ólafsdóttir og Ólöf Finnsdóttir skrifstofustjóri. Þau gerðu grein fyrir störfum Hæstaréttar og svöruðu fyrirspurnum um dómskerfið og framkvæmd sáttmálans hér á landi. Í kjölfar ferðar nefndarinnar til landsins gefur hún út skýrslu um framkvæmd sáttmálans hér á landi.

Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra heimsótti Hæstarétt 31. janúar. Í föruneysi ráðherra voru Haukur Guðmundsson ráð-

uneytisstjóri, Bryndís Helgadóttir skrifstofustjóri, og Árni Grétar Finnsson aðstoðarmaður ráðherra. Á móti gestunum tóku Benedikt og Ingveldur Einarsdóttir varaforseti réttarins. Þau gerðu grein fyrir starfsemi hans og sýndu gestunum húsakynni réttarins. Að því loknu hitti ráðherra dómara og starfsmenn og ræddi við þá um þau málefni sem eru á starfssviði hans.

Hinn 16. febrúar tók Hæstiréttur á móti norrænum laganemum sem voru staddir hér á landi í tilefni af norrænni laganemaviku og árshátíð Orators, félags laganema við Háskóla Íslands. Benedikt og Ólöf og Jenný Harðardóttir og Guðmundur Snæbjörnsson aðstoðarmenn dómara, tóku á móti þeim, kynntu þeim starfsemi réttarins og svöruðu fyrirspurnum. Sama dag fékk Hæstiréttur heimsókn frá nemendum úr Fjölbrotaskólanum við Ármúla ásamt kennara þeirra, Ragnhildi Björgu Guðjónsdóttur. Benedikt og Linda Ramdani aðstoðarmaður dómara tóku á móti gestunum og sögðu frá starfsemi réttarins. Í febrúar komu einnig nemendur frá Verzlunarskóla Íslands ásamt kennara sínum, Birni Jóni Bragasyni. Benedikt, Ólöf og Jenný tóku á móti þeim, kynntu starfsemi réttarins og réttarkerfið og svöruðu spurningum.

Hæstiréttur fékk heimsókn 22. mars frá laganemum í Evrópurétti á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands ásamt kennara sínum Elviru Mendez Pinedo prófessor. Benedikt og Ása tóku á móti þeim.

Hinn 16. apríl heimsótti Hæstarétt Kirsten Rosenvold Geelan, sendiherra Danmerkur á Íslandi. Benedikt og Ólöf tóku á móti



Frá heimsókn félags löglærðra aðstoðarmanna dómara

sendiherranum og kynntu starfsemi réttarins. Til umræðu voru farsæl samskipti landanna á sviði réttarfars og lagasamvinnu. Hún afhenti trúnaðarbréf sitt í september 2021 en lauk störfum hér á landi um mitt ár. Í apríl fékk Hæstiréttur einnig heimsókn frá stjórn norska lögmannafélagsins og mökum þeirra. Benedikt og Ólöf tóku á móti hópnum og kynntu starfsemi réttarins. Þá fékk Hæstiréttur heimsókn í apríl frá starfsmönnum sendiráða sendinefndar Evrópusambandsins. Linda og Jenný tóku á móti þeim og gerðu grein fyrir starfseminni.

Hinn 7. maí kom í Hæstarétt stór hópur norræna dómara sem tók þátt í SEND-ráðstefnu (Samarbeidsorgan for Etterutdanning for Nordiske Dommere) sem fram fór í Reykjavík á vegum dómstólasýslunnar. Benedikt, Björg og Ólöf kynntu starfsemi Hæstaréttar og svöruðu fyrirspurnum. Í sama mánuði komu laganemar og kennarar frá Ohio Northern University í Bandaríkjunum ásamt Trausta Fannari Valssyni, forseta lagadeildar Háskóla Íslands. Samstarf hefur verið milli þessara skóla í 64 ár en Ármann Snævarr, prófessor og hæstaréttardómari, kom því á fót. Á móti

gestunum tóku Benedikt og Ólöf.

Í júní fékk Hæstiréttur heimsókn frá lagadeild Samford University, Cumberland School of Law. Benedikt og Ólöf tóku á móti fulltrúum skólans, þeim Gillian More, Kerry P. McInerney og Tona Hitson, kynntu þeim starfsemi réttarins og svöruðu spurningum. Í sama mánuði fékk Hæstiréttur heimsókn frá Kinder Institute of Constitutional Democracy en sú stofnun starfar á vegum University of Missouri í Bandaríkjunum. Stofnuninni var komið á fót árið 2015 fyrir atbeina hjónanna Nancy og Richard Kinder en þau voru meðal gesta. Með hópnum var Carrin F. Patman, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Á móti gestunum tóku Benedikt og Jenný.

Hinn 26. ágúst fékk Hæstiréttur heimsókn frá forsetum norræna dómstóla á millidómstigi en þeir héldu árlegan fund sinn að þessu sinni á Íslandi. Benedikt, Sigurður Tómas og Ólöf tóku á móti gestunum, kynntu starfsemi réttarins og svöruðu fyrirspurnum.

Hæstiréttur fékk heimsókn 3. september frá öldungadeild Lögfræðingafélags Íslands en með þeim var Margrét Hauksdóttir

framkvæmdastjóri félagsins. Benedikt og Ólöf tóku á móti gestunum og greindu frá sögu og starfsemi réttarins. Í sama mánuði heimsótti einnig réttinn Laura Baudenbacher en hún er formaður stjórnar svissneska samkeppnis-eftirlitsins. Auk þess rekur hún lögmannsstofu í Sviss og Noregi í félagi við föður sinn Carl Baudenbacher, fyrrverandi forseta EFTA-dómstólsins. Á móti henni tóku Benedikt og Ólöf.

Í október fékk Hæstiréttur heimsókn frá nemendum úr Fjölbrautaskólanum við Ármúla ásamt kennara þeirra, Ragnhildi Björgu Guðjónsdóttur. Benedikt og Jenný tóku á móti gestunum og sögðu frá starfsemi réttarins ásamt því að svara fyrirspurnum. Í sama mánuði komu einnig nemendur úr Fjölbrautaskólanum í Garðabæ ásamt kennara sínum, Tinnu Ösp Arnardóttur. Sigurður Tómas og Guðmundur tóku á móti gestunum og fræddu þá um starfsemi réttarins og svöruðu spurningum.

Í nóvember fékk Hæstiréttur heimsókn frá starfsmönnum Barnaverndar Reykjavíkur. Benedikt og Ólöf tóku á móti þeim og kynntu starfsemi réttarins. Í sama mánuði kom einnig stór hópur laganema á fyrsta ári við laga-deild Háskóla Íslands til að fylgjast með málflutningi í máli sem laut að persónuvernd. Fyrir málflutninginn ræddu Benedikt og Ása við nemendurna og gerðu grein fyrir starfsemi réttarins og því máli sem var til flutnings. Einnig kom í nóvember hópur nemenda frá Menntaskólanum við Hamrahlíð ásamt kennara sínum Kristínu Björk Hilmarsdóttur. Benedikt og Jenný tóku á móti þeim og ræddu starfsemi réttarins og svöruðu fyrirspurnum. Þá kom í nóvember hópur nemenda við Menntaskólann í Reykjavík ásamt kennara sínum Þorsteini Davíð Stefánssyni lögfræðingi. Benedikt, Ása, Ólöf og Linda tóku á móti þeim og ræddu við þau um starfsemi réttarins. Loks fékk rétturinn heimsókn í sama mánuði frá Félagi löglærðra aðstoðarmanna dómara en á móti þeim tóku Benedikt, Sigurður Tómas og Ólöf.



Nemendur frá Menntaskólanum í Reykjavík ásamt kennara sínum Þorsteini Davíð Stefánssyni ásamt Benedikt Bogasyni, Ásu Ólafsdóttur og Lindu Ramdani

SÖGUBROT

Íslenski stóllinn í Hæstarétti Danmerkur

Ísland varð fullvalda 1. desember 1918 við gildistöku dansk-íslensku sambandslaganna. Í 10. gr. þeirra sagði að Hæstiréttur Danmerkur hefði á hendi æðsta dómvald í íslenskum málum þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómstól í landinu sjálfu. Þangað til skyldi skipa Íslending í eitt dómarsæti í Hæstarétti Danmerkur og átti það að koma til framkvæmda þegar sæti losnaði þar næst.

Ekki kom til þess að Íslendingur yrði skipaður dómari við Hæstarétt Danmerkur í samræmi við þetta ákvæði. Þess í stað var Hæstiréttur Íslands stofnaður og hóf hann starfsemi sína liðlega ári eftir fullveldið 16. febrúar 1920.

Á árinu 1919 flutti Hæstiréttur Danmerkur í það húsnæði sem rétturinn hefur síðan haft til afnota í Kristjánborgarhöll í Kaupmannahöfn. Dómarar við réttinn voru þá 13 en gert var ráð fyrir að þeim yrði fjölgað vegna komu Íslendinga. Af þeim ástæðum var fjölgað sætum við dómaborðið í aðaldómsal réttarins og þau höfð 15 til að hafa oddatölu. Jafnframt voru gerðir 15 stólar við borðið en aldrei kom Íslendingurinn. Dómurum við Hæstarétt Danmerkur var síðan fjölgað í 15 árið 1953.

Allar götur frá því að gert var ráð fyrir Íslendingi við dómaborðið hefur verið rætt um að stóllinn yst á öðrum enda dómaborðsins væri „íslenski stóllinn“. Hér gefur að líta mynd af þessum stól við borðið.



Íslenski stóllinn í Hæstarétti Danmerkur

BIRTING DÓMAREIFANA Á ENSKU

Á árinu 2023 hóf Hæstiréttur að birta á heimasíðu réttarins ítarlegar reifanir á völdum dómum á ensku. Markmiðið er að þeir dómar sem ganga og geta átt erindi út fyrir landsteinana verði aðgengilegir með því móti. Hæstiréttur hefur orðið var við að þetta hefur vakið athygli og komið að gagni. Nú eru sex dómar aðgengilegir með þessu móti en um er að ræða eftirtalin mál:

Dómur 23. maí 2023 í máli nr. 45/2022.

Mál þetta laut að flóknum eignaréttarlegum álitafnum vegna jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogi. Fjöldi mála vegna jarðarinnar hafa verið til úrlausnar um langa hríð fyrir réttinum.

Dómur 11. október 2023 í máli nr. 32/2023.

Í málinu var fjallað um hvort heimild stæði til að fram færi mannfæðingarmáli. Hagsmunir barnsins voru taldir standa því í vegi.

Dómur 22. desember 2023
í máli nr. 39/2023.

Málið laut að ákvörðunum stjórnvalda um launakjör dómara.

Dómur 28. febrúar 2024 í máli nr. 24/2023.

Í málinu var fjallað um það hvort við ákvörðun um greiðslur til foreldris í fæðingarorlofi ætti að taka mið af launum sem greidd höfðu verið í Danmörku. Í dóminum var fjallað um álitafni á sviði EES-réttar.

Dómur 15. maí 2024 í máli nr. 52/2023.

Í málinu reyndi á hugtakið vinnutími í skilningi laga en dómurinn hefur þýðingu á sviði EES-réttar.


Dómur 18. september 2024
í máli nr. 3/2024.

Málið laut að því hvort uppsögn á yfirvinnu hjá tilteknum starfsmönnum Landspítalans teldist hópuppsögn. Dómurinn er á sviði EES-réttar.

MÁLFLUTNINGSKEPPNIR LAGANEMA

Hinn 1. mars var málflutningskeppni Orators, félags laganema við Háskóla Íslands, haldin í Hæstarétti. Tvö lið kepptu og var annað þeirra skipað þeim Önnu Rósu Héðinsdóttur, Birtu Marsilíu Össurardóttur, Hafþóri Ciesielski Benediktssyni, Hildi Berglindi Jóhannesdóttur, Sólrúnu Láru Flóvenz og Them Van Pham. Hitt liðið sem bar sigur úr bítum var skipað Agnesi Guðrúnu Magnúsdóttur, Arent Orra J. Claessen, Árna Svavari Johnsen og Garðari Árna Garðarssyni. Ræðumaður keppinnar var Sólrún Lára Flóvenz. Dómarar í keppninni voru hæstaréttardómararnir Benedikt Bogason, Ingveldur Einarsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon og Kristín Benediktsdóttir, þá dósent við Háskóla Íslands en nú prófessor og umboðsmaður Alþingis, og Ari Karlsson lögmaður.

Helgina 16. og 17. mars fór fram á Íslandi EES-málflutningskeppnin sem haldin er af Eftirlitsstofnun EFTA í samvinnu við EFTA-dómstólinn og háskólana á Íslandi og í Noregi. Keppnin fór fram samtímis í Hæstarétti og Héraðsdómi Reykjavíkur. Þetta var í níunda sinn sem keppnin var haldin en hún fer fram árlega og til skiptis á Íslandi og í Noregi. Hún var fyrst haldin árið 2015. Í keppninni tóku þátt lið frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og háskólunum í Osló, Björgvin og Stafangri. Lið Háskólans í Reykjavík bar sigur úr bítum. Í sigurliðinu voru Anna Mae Manning, Daniela Yolanda Melara Lara, Julia Scandolo, Nikoleta Pohankova, og Pétur Magnús Pétursson en hann var valinn ræðumaður keppinnar. Í úrslitaviðureigninni sátu í dómi Páll Hreinsson forseti EFTA-dómstólsins, Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar, Árni Páll Árnason, stjórnarmaður í Eftirlitsstofnun EFTA, Hildur





Lið lagadeildar Háskóla Íslands ásamt aðalleiðbeinanda liðsins, Kristínu Benediktsdóttur prófessor, ásamt íslensku dómurunum Oddnýju Mjöll Arnardóttur, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, Benedikt Bogasyni forseta Hæstaréttar og Björgu Thorarensen hæstaréttardómara.

Hjörvar og Ciarán Burke, lögfræðingar hjá Eftirlitsstofnun EFTA, og lögmennirnir Helga Melkorka Óttarsdóttir og Dóra Sif Tynes.

Hinn 6. til 9. júní fór fram í Stokkhólmi árleg málflutningskeppni norrænna laganema. Af hálfu Íslands tók þátt í keppninni lið frá laga-deild Háskóla Íslands en það skipuðu þau Gísli Laufeyjarsen Höskuldsson, Jón Sigfús Jónsson, Líney Helgadóttir, Sigurlaug Eir Þórsdóttir og Ylfa Helgadóttir. Aðalleiðbeinandi liðsins var Kristín Benediktsdóttir prófessor. Árangur liðsins var mjög góður en það komst í undanúrslit. Þeim árangri hefur lið frá Íslandi ekki náð frá árinu 2010. Allir dómara Norðurlandanna

við Mannréttindadómstól Evrópu dæmdu í keppninni, þar með talið íslenski dómari Oddný Mjöll Arnardóttir. Jafnframt dæmdu í henni dómara frá æðstu dómstólum landanna en af hálfu Hæstaréttar tóku þátt Benedikt Bogason forseti réttarins og Björg Thorarensen hæstaréttardómari.

TÖLFRÆÐI



MÁL Í HÆSTARÉTTI

Dæmd mál


Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Áfrýjuð einkamál	0	28	27	27	28	25	37
Áfrýjuð sakamál	1	2	4	11	15	8	5
Kærð einkamál	12	17	7	14	14	17	16
Kærð sakamál	5	3	0	3	3	1	2
Samtals mál	18	50	38	55	60	51	60

Innkomin mál

Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Áfrýjuð einkamál	12	36	23	25	28	37	30
Áfrýjuð sakamál	5	3	8	10	14	6	6
Kærð einkamál	16	16	10	16	15	13	18
Kærð sakamál	5	3	0	5	2	1	2
Samtals mál	38	58	41	56	59	57	56

Innkomin mál og lyktir þeirra

Öll mál	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	16	18	20	21	19	24
Innkomin mál á árinu	38	58	41	56	59	57	56
Mál til afgreiðslu	38	74	59	76	80	76	80
Dómar	18	50	38	55	60	51	60
Afturkallað/fellt niður	4	6	1	0	1	1	1
Samtals afgreidd mál	22	56	39	55	61	52	61
Óafgreidd mál í árslok	16	18	20	21	19	24	19



Málsmeðferðartími í dögum

Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Áfrýjuð einkamál	0	141	205	200	189	230	238
Áfrýjuð sakamál	31	0	173	164	207	199	219
Kærð einkamál	31	49	72	31	39	65	43
Kærð sakamál	45	11	0	12	53	15	3
Meðaltal	35	98	177	137	175	166	177

Málsmeðferðartími einkamála telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út.

Málsmeðferðartími sakamála telst frá því að beiðni er samþykkt.

Það athugist að endurupptekin dómsmál reiknast ekki með í málsmeðferðartíma.


Málsúrslit

Málsúrslit	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Staðfest	11	30	20	22	19	20	31
Breytt að einhverju leyti	0	0	5	7	9	6	5
Breytt að verulegu leyti	0	2	2	2	4	3	1
Snúið við	1	5	5	8	8	9	16
Ómerking/frávísun	6	13	6	14	20	11	7
Samtals dómur	18	50	38	53	60	51	60

Málskotsbeiðnir – áfrýjunar- eða kæruleyfi

Málskotsbeiðnir alls	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Beiðnir frá fyrra ári	0	8	13	21	23	28	33
Nýjar beiðnir	69	166	138	156	172	160	184
Beiðnir til afgreiðslu	69	174	151	177	195	188	217
Afgreiddar beiðnir	61	161	130	154	167	155	185
Óafgreiddar beiðnir í árslok	8	13	21	23	28	33	32

Málskotsbeiðnir árið 2024 og lyktir þeirra



50
dagar

Málsmeðferðartími málskotsbeiðna var að meðaltali 50 dagar frá því að umsókn um áfrýjunar- eða kæruleyfi barst réttinum og þar til ákvörðun lá fyrir. Þar af er tveggja vikna frestur gagnaðila til að skila athugasemdum.

Áfrýjunarleyfi - einkamál	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Beiðnir frá fyrra ári	0	4	8	13	17	22	29
Nýjar beiðnir	33	99	85	85	125	115	123
Beiðnir til afgreiðslu	33	103	93	98	142	137	152
Samþykktar	12	36	23	25	29	36	31
Hafnað	17	59	57	55	91	71	95
Afturkallaðar/Felldar niður	0	0	0	1	0	1	2
Samtals afgreiddar beiðnir	29	95	80	81	120	108	128
Óafgreiddar beiðnir í árslok	4	8	13	17	22	29	24

Áfrýjunarleyfi - sakamál	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Beiðnir frá fyrra ári	0	0	1	3	3	2	1
Nýjar beiðnir	14	34	27	44	25	23	31
Beiðnir til afgreiðslu	14	34	28	47	28	25	32
Samþykktar	1	1	7	11	5	4	7
Hafnað	13	32	18	32	21	20	20
Afturkallaðar/Felldar niður	0	0	0	1	0	0	0
Samtals afgreiddar beiðnir	14	33	25	44	26	24	27
Óafgreiddar beiðnir í árslok	0	1	3	3	2	1	5

Kæruleyfi	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Beiðnir frá fyrra ári	0	4	4	5	3	4	3
Nýjar beiðnir	22	33	26	27	22	22	30
Beiðnir til afgreiðslu	22	37	30	32	25	26	33
Samþykktar	2	4	3	5	5	6	8
Hafnað	13	25	21	22	15	15	20
Afturkallaðar/Felldar niður	3	4	1	2	1	2	2
Samtals afgreiddar beiðnir	18	33	25	29	21	23	30
Óafgreiddar beiðnir í árslok	4	4	5	3	4	3	3

FYRRVERANDI DÓMARAR VIÐ HÆSTARÉTT

Nafn	Lét af störfum:	Nafn	Lét af störfum:
Arnljótur Björnsson	31.08.2000	Helgi I. Jónsson	30.04.2020
Ármann Snævarr	01.11.1984	Hjördís Hákonardóttir	31.07.2010
Árni Kolbeinsson	28.02.2014	Hjörtur Torfason	28.02.2001
Árni Tryggvarson	31.05.1964	Hrafn Bragason	31.08.2007
Benedikt Blöndal	22.04.1991	Ingibjörg Benediksdóttir	28.02.2014
Benedikt Sigurjónsson	31.12.1981	Ingveldur Einarsdóttir	01.08.2024
Bjarni K. Bjarnason	31.12.1991	Jón Ásbjörnsson	31.03.1960
Björn Sveinbjörnsson	10.10.1985	Jón Steinar Gunnlaugsson	30.09.2012
Eggert Briem	13.08.1935	Jónatan Hallvarðsson	31.12.1969
Einar Arnalds	29.02.1976	Kristján Jónsson	02.07.1926
Einar Arnórsson	30.04.1945	Lárus H. Bjarnason	31.03.1931
Eiríkur Tómasson	31.08.2017	Lárus Jóhannesson	10.03.1964
Garðar Gíslason	30.09.2012	Logi Einarsson	31.12.1982
Gizur Bergsteinsson	01.03.1972	Magnús Thoroddsen	08.12.1989
Greta Baldursdóttir	31.08.2020	Magnús Þ. Torfason	31.12.1987
Guðmundur Jónsson	31.08.1991	Markús Sigurbjörnsson	30.09.2019
Guðmundur Skaftason	31.12.1989	Páll Einarsson	13.08.1935
Guðrún Erlendsdóttir	15.04.2006	Páll Hreinsson	15.09.2017
Gunnar M. Guðmundsson	31.08.1994	Pétur Kristján Hafstein	30.09.2004
Gunnar Thoroddsen	16.09.1970	Sigurgeir Jónsson	30.06.1986
Gunnlaugur Claessen	31.08.2013	Viðar Már Matthíasson	30.09.2019
Halldór Daníelsson	16.09.1923	Þorgeir Örlygsson	31.08.2020
Halldór Þorbjörnsson	31.08.1987	Þór Vilhjálmsson	30.06.1995
Haraldur Henrysson	31.08.2003	Þórður Eyjólfsson	31.12.1965



HÆSTIRÉTTUR
ÍSLANDS

2025